

054/00 - M.b. Arnar ÁR-55

Arnar ÁR-55, skipverji slasast um borð

M.b. Arnar ÁR-55

Skipaskr.nr.: 1056

Smíðaður: í Noregi 1967 úr stáli

Stærð: 237,42 brl; 320,00 bt

Lengd: 38,70 m **Breidd:** 7,35 m **Dýpt:** 5,96 m

Vél: Caterpillar 671,00 kW **Árgerð:** 1990

Annað:

Földi skipverja: 10



Arnar ©Hafþór Hreiðarsson

Atvikalýsing

Hinn 8. mars 1999 var m.b. Arnar ÁR-55 að veiðum með dragnót 3 sml. undan Skaftárósi, í Skaftárdýpi.

Skipverjar voru að hífa inn dragnótina og var lokið við að hífa inn tógin og búið að tengja í grandarana til að hífa hana inn á nótarvinduna. Einn skipverja var að stýra gröndurunum inn á tromluna. Stóð hann á annarri voð er var á þilfarinu fyrir aftan dragnótarvinduna. Hrasaði hann og greip fastar um grandarana sem um leið undu upp á sig svo að hann festist og dróst með þar til höndin klemmdist við hleravasa á gálганum og slasaðist maðurinn. Sá er stjórnaði hífingunni hafði ekki orðið var við hvað var að gerast fyrr en of seint þrátt fyrir hróp skipverjans og annars skipverja. Hlúð var að skipverjanum um borð samkvæmt ráði læknis er haft var samband við og var þyrlla send til að sækja hinn slasaða.

Við rannsókn kom fram

- að bugtir á gröndurunum kræktust á hleravasann og við það stöðvaðist dragnótarvinnan þegar þeir voru orðnir fastir;
- að stýrimaðurinn, sem stjórnaði vinnu á þilfari, sagðist hafa þurft að kalla tvisvar í þann er stjórnaði hífingunni um að slaka áður en hann fékk viðbrögð en þá var vinnan stopp.

Nefndarálit

Nefndin telur að ekki hafi verið sýnd fullnægjandi árvekni við stjórnun á dragnótarvindu.

Tillögur í öryggisátt

Nefndin ítrekar fyrri ályktanir um nauðsyn þess að þeir sem settir eru til að stjórna vindum fái sérstaka þjálfun og brýnt fyrir þeim að vera ávallt með hugann við að stjórna tækinu þar sem líf og heilsa annarra skipverja getur ráðist af réttum viðbrögðum þeirra.